

Föstudaginn 4. nóvember 1938.

Nr. 132/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Albert Ernest Hall

(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins í máli þessu hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóupprátt stað dufls þess, sem sett var út frá varðskipinu í kjölfar togara kærða kl. 7.10 þann 30. júlí f. á., eftir hornmælingum þeim, sem skipstjórnarmenn á varðskipinu gerðu kl. 18.30 s. d., og reyndist staður duflsins samkvæmt því vera 0.9 sjómíliur innan landhelgilineunnar.

Svo sem dregið er á í héraðsdóminum, sigldi kærði á togara sínum frá duflinu áleiðis til lands með vegmæli sinn í gangi og kveðst hann hafa lesið á vegmælinn, þegar togarinn var í ca. 0.5 sjómílu fjarlægð frá ströndinni, og hafi vegmælirinn þá sýnt 2.5 sjómílu siglingu. Sé miðað við þessa frásögn kærða, ætti staður duflsins að hafa verið á eða við landhelgilineuna, en í þessu sambandi er þess að geta, að skipstjórnarmenn á varðskipinu hafa fyrir dómi eindregið kveðið það upp, að kærði hafi verið búinn að sigla frá landi í 13 mínútur með vörpuna í eftirdragi, áður hann væri stöðvaður. Má þannig jafnvel af samanburði á þessum skýrslum kærða og þeirra á varðskipinu álykta, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða

dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst með hliðsjón af gullgengi islenzkrar krónu, sem nú er 47.56, 21100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málslyktum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Ernest Hall, greiði 21100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 31. júlí 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Albert Ernest Hall, skipstjóra á botnvörpungnum „Bever-

lac“ H. 72 frá Hull, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Þann 30. júlí s. l. var varðbáturinn „Gautur“ ca. 1½ sjómílu suður af Norðfjarðarhorni og lét reka þar mjög nærri landi. Þoka og rigning var, en kl. 6.50 rofaði til, og sást þá togari úti, sem virtist kominn grunsamlega nálægt landi. Varðbáturinn hélt af fullri ferð í áttina til togarans. Kl. 6.55 beygir togarinn út frá landi, og kl. 7.06 er skotið lausu skoti og síðan tveim öðrum, og nam þá togarinn staðar. Kl. 7.10 kom varðbáturinn að togaranum og setti þar út bauju í kjölfar togarans ca. 100 metr. frá honum, eftir því sem yfirmenn varðbátsins skýra frá. Togarinn var þá með stjórnborðsvörpu í sjó og byrjaði að draga hana inn, er komið var að honum. Þar sem þokan var svo dimm, að eigi var hægt að taka hornmælingar, setti varðbáturinn út vegmæli hjá baujunni og hélt upp að landi, svo ca. 300 metrar voru í land, og sýndi vegmælir þá 1.8. Var þá haldið út að baujunni aftur, og sýndi vegmælir 1.7 eða heldur minna, vegna straums, að því sem skipherrar varðbátsins telur. Fór varðbáturinn þessa vegalengd tvisvar sinnum aftur og fram með alveg sömu niðurstöðu á vegmælinum. Dýpi við baujuna mældist 54 metrar.

Þegar varðbáturinn fór frá baujunni til lands hið síðara skiptið, kom togarinn með honum upp að landinu, ca. ½ mílu frá, og heldur skipstjóri togarans því fram, að loggið hans hafi sýnt 2.5 sjómílur, en stýrimaður varðbátsins, sem var með togaranum, telur, að loggið hafi sýnt 3.5 sjóm., þegar togarinn var kominn aftur út að baujunni.

Að þessu loknu var beðið við baujuna til kl. 11.25, en þar sem ekki birti upp, var haldið með togarann til Norðfjarðar og kemur hann þangað kl. 13.

Þegar birti upp, seinna sama dag, fór varðbáturinn aftur út að baujunni, sem lá enn á sama stað, og kl. 18.30 var gerð þar eftirfarandi staðarákvörðun.

Gerpistá

> 102°

Horn ath. punktur

> 20° 32'

Dalfjall

og gefur það stað baujunnar 1 sjómílu innan landhelgílinu.

Við baujuna var ca. 120 faðma langur vir, og breyttist því staður baujunnar svölitið, eftir því sem straumurinn lá. Með tilliti til þess má segja, að þessi mæling komi alveg heim við þær athuganir, er varðbáturinn var áður búinn að gera með vegmælinum. Kærður skipstjóri hefir hinsvegar neitað því, að mælingar varðskipsins gætu verið réttar, og telur, að hann hafi verið 3.6 sjómílu frá landi, þegar varðbáturinn tók hann. Byggir kærður það á áttavítamiðunum og dýptarmælingu, er hann hafi gert. Umræddar miðanir kveðst kærður hafa skrifað niður á blað, en gat ekki sýnt það í réttinum, því hann hafi fleygt því.

Rétturinn verður að líta svo á, að mótmæli kærða séu eigi svo á rökum byggð, að þau fái hnekktt nákvæmum hornmælingum varðbátsins og öðrum athugunum, og því verði að telja sannað, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi, er varðbáturinn tók hann, og hefir því gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni, og þykir hegning sú, er hann hefir nú til unnið fyrir þetta brot sitt samkv. 3. gr. áðurnefndra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 20300 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, með tilliti til gengis íslenzkrar krónu, sem er í dag jafngild 49.67 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún ekki verður greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, i togaranum „Beverlac“ H. 72 frá Hull séu upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað málsins, er orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Albert Ernest Hall, greiði 20300 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi átta mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir drag-

strengir, í togaranum „Beverlac“ H. 72 séu upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1938.

Nr. 112/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

James Mann

(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðskipsins „Ægir“ kl. 14.01 og 14.10 þann 31. júlí 1937, samkvæmt hornmælingum, gerðum þá á varðskipinu, og miðunarlínur þaðan til togarans L.O. 162 Northern Sky, og enn fremur tökustað togarans kl. 14.26 og staði varðskipsins kl. 14.58 og 15.59 nefndan dag. Eru niðurstöður forstöðumannsins í samræmi við niðurstöðu varðskipsforingjans um staði skipsins á þessum tímum. Með þeirri athugasemd, að kærði hefir kannast við að hafa fjarlægzt land um $\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{2}$ sjómílu á þeim 15 mínútum, sem hann var að kasta vörpu og toga, áður en varðskipið kom að togaranum, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að sektin ákveðst með hliðsjón af því, að núverandi gull-